



# Fréttabréf

## Verkalýðsfélags Akraness

Desember 2008

Netföng: skrifstofa@vlfa.is og vlfa@vlfa.is • Heimasíða: www.vlfa.is



Járblendiverksmiðjan og álverið á Grundartanga.

## Uppbygging á Grundartanga

Undanfarna mánuði hefur verið unnið að breytingu á deiliskipulagi vestursvæðis Grundartanga, þ.e. í landi Klafastaða. Fyrir liggur heildstætt deiliskipulag sem sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hefur samþykkt fyrir sitt leyti og nú er tillagan í auglýsingaferli. Um er að ræða 152,7 ha landsvæði sem er deiliskipulagt og þar er að finna 104 misstórar lóðir – allt frá 2.500 m<sup>2</sup> upp í 20.000 m<sup>2</sup>. En einnig er þar ein lóð um 80.000 m<sup>2</sup> sem ætluð er undir hugsanlegt netþjónabú.

Að sögn Gísla Gíslasonar hafnarstjóra Faxaflóahafna má ráða lóðunum saman að hluta til þannig að ákveðinn sveigjanleiki er í skipulaginu eftir því hvaða starfsemi bankar upp á.

„Það er eitt af markmiðum deiliskipulagsins að huga að umhverfislegum þáttum svo sem skógrækt, opnum grænum svæðum, göngustígum og reitum þar sem hugsanlegir fornminjastaðir eru varðveittir, en að auki er gert ráð fyrir jarðvegsmön við Þjóðveg 1. Allur frágangur er hugsaður þannig að búið sé

sem best að þeim fyrirtækjum sem þarna huga að starfsemi. Þannig er reynt að gera aðstöðuna á svæðinu sem mest aðlaðandi bæði hvað útlit varðar og fyrirkomulag lóða,“ segir Gísli Gíslason.

### Framkvæmdir strax á næsta ári

„Nokkrir aðilar hafa þegar ákveðið að hefja starfsemi á Grundartanga og vonast er til að a.m.k. tveir þeirra hefjist handa við húsbýggingar á komandi ári, en óneitanlega hefur hamagangur síðustu mánaða hægt á áætlunum fyrirtækja,“ segir Gísli Gíslason. „Þó nokkur áhugi er hjá fleiri aðilum sem eru með spennandi verkefni, en ekki er séð fyrir endann á því hvort takist að klófesta þá aðila. Önglarnir eru hins vegar úti og vel beittir þannig að eflaust eiga einhverjir fleiri eftir að bíta á – og vonandi tekst að landa sem flestum, enda Grundartangasvæðið ákjósanlegt til ýmiss konar iðnaðarstarfsemi.

Því má halda fram að hafnirnar við Faxaflóa gegni nú lykilhlutverki í endur-

reisnarstarfi komandi ára, enda fer þar fram margs konar starfsemi sem tengist efnahagslífinu.“

### Mikilvægi stóriðjunnar

Vilhjálmur Birgisson, formaður VLFA, segir frekari uppbyggingu á Grundartangasvæðinu mikilvæga og nú sjáist hversu styrk stoð stóriðjan á Grundartanga er í atvinnulífinu.

„Ég fagna þessum tíðindum. Það hefur sýnt sig svo ekki verður um villst hversu gríðarlega mikilvæg starfsemin á Grundartanga er. Varlega áætlað starfa hjá þessum sterku fyrirtækjum í dag á milli 700 og 800 manns. Á atvinnuöryggi þessara starfsmanna að vera eins vel tryggt og kostur er í þeim ólgusjó sem atvinnulífið er í. Það er mat mitt að hraða eigi allri uppbyggingu stóriðjuframkvæmda eins fljótt og kostur er. Mikilvægt er að ríkisvaldið greiði götu þeirra aðila sem vilja hefja hér stóriðjuframkvæmdir,“ segir Vilhjálmur Birgisson.

**Verkalýðsfélag Akraness**  
**óskar öllum félagsmönnum og öðrum bæjarbúum**  
**gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári**



## Skrifstofa félagsins

Skrifstofa Verkalýðsfélags Akraness er að Sunnubraut 13. Hún er opin alla virka daga frá kl. 9:00-16:00. Utan afgreiðslutíma er hægt að ná í formann félagsins, Vilhjálmm Birgisson, í síma 865 1294.

### Starfsmenn skrifstofu

Vilhjálmur Birgisson, formaður  
vilhjalmur@vlfa.is

Björg Bjarnadóttir  
skrifstofufulltrúi  
bjorg@vlfa.is

Auður Finnbogadóttir  
skrifstofufulltrúi  
auður@vlfa.is



Nr. 8 | 4. árgangur | 17. desember 2008

Útgefandi: Verkalýðsfélag Akraness  
Sími: 430 9900 Fax: 430 9901  
Netf.: skrifstofa@vlfa.is og vlfa@vlfa.is  
Heimasíða: www.vlfa.is  
Ábm.: Vilhjálmm Birgisson  
Hönnun: Aðalsteinn S. Sigfússon  
Umsjón texta: Kristján Kristjánsson  
Umbrot: Uppheimar  
Prentun: Prentmet Vesturlands



## Ávarp formanns

Kæru félagar.

Þann 17. febrúar sl. gekk Verkalýðshreyfingin frá kjarasamningum á hinum almenna vinnumarkaði. Þeir samningar voru hófstílltir og skynsamlegir enda höfðu þeir það að markmiði að tryggja stöðugleika og auka kaupmátt hjá okkar fólki. Grátlegt er að horfa uppá allan þann ávinning sem vannst við gerð síðasta kjarasamnings gufa upp og það á einungis 8 mánuðum. Framundan blasir við bullandi kaupmáttarrýrnun og umtalsvert atvinnuleysi sem gæti varað til langs tíma. Þetta eru blákaldar staðreyndir sem ekki er hægt að loka augunum fyrir.

Það er kristalskýrt í mínum huga að almennt verkafólk ber ekki ábyrgð á því ófremdarástandi sem nú ríkir í íslensku efnahagslífi. Nú blasir hins vegar við að almenningur í þessu landi mun á næstu misserum og árum þurfa að blæða illilega fyrir gjörðir fjárglæframanna og þeirra aðila sem áttu að sinna eftirliti með fjármálakerfinu.

Ég spyr því: hvað hefur ríkisstjórnin verið að gera?

Almenningur var búinn að bíða frá 6. október eftir upplýsingum um til hvaða aðgerða ríkisstjórnin ætlaði að grípa til að koma fyrirtækjum og heimilum landsins til hjálpar. Það var því að mörgu leyti jákvætt að ríkisstjórn Íslands skyldi ekki alls fyrir löngu kynna aðgerðaáætlun í 12 liðum til hjálpar heimilum landsins. Það má líta á þessa aðgerðaáætlun sem ágætis fyrsta skref til hjálpar heimilunum en það er morgunljóst að þessar aðgerðir munu einar og sér ekki duga til.

Það olli mér hins vegar gríðarlegum vonbrigðum að ekki skyldi hafa verið tekin ákvörðun um að frysta verðtrygginguna

á meðan mesti verðbólgu-skellurinn dynur á skuldsettum heimilum þessa lands. Það liggur fyrir að hinir ýmsu aðilar hafa spáð því að verðbólgan fari í 20 til 30% á næstu mánuðum, þar á meðal hagdeild ASÍ.

Mér er það hulin ráðgáta af hverju ekki sé hægt að frysta verðtrygginguna meðan mesta verðbólgu-skotið gengur yfir því flestum aðilum ber saman um að verðbólgan muni ganga hratt niður á næsta ári. Með því að frysta ekki verðtrygginguna er verið að verja Íbúðalánasjóð, bankastofnanir, lífeyrissjóðina og sparifjáreigendur.

Ég spyr: af hverju eru lánveitendur bæði með belt og axlabönd á meðan skuldsett heimili sem eru með verðtryggð lán taka alla ábyrgð á sínar herðar? Vart er verið gæta hags heimilanna með því að frysta ekki verðtrygginguna. Það er í raun og veru óskiljanlegt að forysta ASÍ skuli leggjast gegn því að verðtrygging verði fryst á meðan þessi ósköp dynja á heimilum landsins. Stjórn Verkalýðsfélags Akraness hefur lagt það til að verðtrygging verði fryst í það minnsta á meðan mesti verðbólgu-skellurinn gengur yfir.

Við verðum að gera okkur grein fyrir því að þeir tímar sem við lifum eru afar óvenjulegir og á þeirri forsendu eigum við að frysta verðtrygginguna á meðan mesta verðbólgu-bálið geisar.

Félagsmönnum nær og fjær óska ég gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Vilhjálmur Birgisson



# Nýr kjarasamningur Elkem Ísland samþykktur með 80% atkvæða

Þann 8. desember sl. var kjarasamningur Verkalýðsfélags Akraness við Elkem Ísland samþykktur með miklum meirihluta atkvæða.

Á kjörskrá voru 179 og greiddu 126 eða 71% þeirra sem voru á kjörskrá. 80% þeirra sem greiddu atkvæði samþykktu samninginn. Starfsmenn fá greidd laun samkvæmt nýgerðum kjarasamningi frá 1. desember. Taxtahækkun er 45- 56.000 eftir starfsaldri. Næsta launahækkun verður 1. janúar 2010 og þá hefur byrj-

andi hækkað um samtals 53.000 kr. frá undirritun sem jafngildir 20,4% hækkun. Ljóst er að starfsmenn mun muna um þá hækkun sem um samdist. Nýi samningurinn gildir til 31. desember 2010.

## Samið um allt að 22% launahækkun

Samningurinn felur í sér allt að 22% launahækkun næstu tvö árin fyrir þá sem náð hafa tíu ára starfsaldri. Samn-

ingurinn gefur byrjanda sem starfar sem ofngæslumaður tæpra 45.000 króna hækkun á mánuði en sú hækkun nemur um 17,3%. Starfsmaður sem starfað hefur sem ofngæslumaður í 10 ár mun fá um 56.500 króna hækkun á mánuði eða sem nemur 18,7%. Í þessum nýja samningi er tekið upp nýtt bónuskerfi sem mun geta gefið allt að 10% en nýja bónuskerfið verður fest að lágmarki í 7% fyrstu 4 mánuðina.



## Félagsmenn! Kynnið ykkur rétt ykkar

Að gefnu tilefni vill stjórn Verkalýðsfélags Akraness minna félagsmenn sína á að hafa samband við skrifstofu félagsins þegar fyrirtæki eru að breyta vinnutilhögun og ráðningarsamningum við starfsmenn í þeim hremmingum sem nú ríða yfir íslenskan vinnumarkað.

„Ég óttast að dæmi séu um að fyrirtæki notfæri sér það grafalvarlega ástand sem nú ríkir á íslenskum vinnumarkaði með því að boða breytingu á vinnu-

fyrirkomulagi og lækkun launa.“ segir Vilhjálmur Birgisson formaður VLFA. Hann segir mjög mikilvægt að starfsmenn hafi samband við stéttarfélögin til að kanna hvort verið sé að fara eftir þeim leikreglum og kjarasamningum sem gilda á íslenskum vinnumarkaði þegar boðaðar eru breytingar á kjörum starfsmanna. „Nú sem aldrei fyrr er mikilvægt að félagsmenn standi vörð um rétt sinn,“ segir Vilhjálmur.

## Óskum félagsmönnum Verkalýðsfélags Akraness gleðilegra jóla og farsæls nýs árs

**EFLING - STÉTTARFÉLAG** | Sætúni 1 | Sími 510 4500

**FANG** | Grundartanga | Sími 432 0341

**VIGNIR G. JÓNSSON HF** | Smiðjuvöllum 4 | Sími 431 5000

**VIÐSKIPTAÞJÓNUSTA AKRANESS** | Stillholti 23 | Sími 431 3099

**FASTEIGNASALAN HÁKOT** | Kirkjubraut 12 | Sími 431 4045

**HARÐARBAKARÍ** | Kirkjubraut 54 | Sími 431 2399

**GT TÆKNI** | Grundartanga | Sími 431 3500

**SMURSTÖÐ AKRANESS** | Smiðjuvöllum 2 | Sími 431 2445

**BIFREIÐASTÖÐ PPP** | Dalbraut 6 | Sími 431 1500

[www.vlfa.is](http://www.vlfa.is)



## Vefur VLFA Virkur upplýsingamiðill sem höfðar til félagsmanna

Vefurinn birtir fréttir af samningsviðræðum og öðrum viðfangsefnum stjórnar og ýmissa nefnda á vegum félagsins og eru upplýsingar uppfærðar um leið og staðan breytist.

Hægt er að senda inn fyrirspurnir á vefinn og er þeim svarað greiðlega á netfang spyrjenda. Á vefnum er að finna allar þær upplýsingar sem félagsmenn þurfa á að halda.

[www.vlfa.is](http://www.vlfa.is)



## Hagræðing eða hvað?

„Ég á rosalega erfitt með að skilja þá ákvörðun forsvarsmanna fyrirtækisins HB Granda að sigla með þá sild sem hefur verið að veiðast í Breiðafirðinum til vinnslu á Vopnafjörð,“ segir Vilhjálmur Birgisson formaður Verkalýðsfélag Akraness. „Siglingin austur tekur um 60 tíma báðar leiðir. Hins vegar tekur einungis 5 til 6 tíma að sigla með sildina til vinnslu á Akranesi.“ Vinnsla á Akranesi hefur dregist stórlega saman, en nú starfa ekki nema rétt tæplega 40 manns hjá fyrirtækinu og hefur þeim fækkað um 140 síðan Haraldur Böðvarsson saminaðist Granda árið 2004.

„Maður veltir fyrir sér hvaða hagræðisjónarmið ráða því hjá forsvarsmönnum fyrirtækisins að sigla með sildina alla þessa leið á Vopnafjörð þegar fyrirtækið á aðra starfsstöð sem er nánast við bæjardyrnar þar sem sildin er veidd. Það hlýtur að fara betur með hráefnið að koma því til vinnslu 25 tímum fyrr en ella. Og hvað með allan oliukostnaðinn sem því fylgir að sigla þessa löngu leið? Útgerðamönnum hefur verið tíðrætt um hversu illilega hátt oliuverð bitni á rekstrinum en það virðist ekki vera raunin í þessu tilfelli,“ segir Vilhjálmur.

## Félagið styrkir mæðrastyrksnefnd Akraness

Í lok árs 2005 samdi stjórn Verkalýðsfélags Akraness við Landsbankann á Akranesi um öll bankaviðskipti félagsins. Í samningunum er kveðið á um að Landsbankinn greiði í sérstakan sjóð Verkalýðsfélags Akraness sem nota á til að styrkja góðgerðarmál á félagssvæði VLFA. Á grundvelli þessa samnings við Landsbankann ákvað stjórn félagsins þann 10. desember s.l. að styrkja mæðrastyrksnefnd Akraness um 100.000 kr. og

lýsti stjórnin yfir ánægju með að geta komið mæðrastyrksnefnd Akraness til hjálpar með þessu framlagi. Það er alveg ljóst að margir eiga um sárt að binda fjárhagslega um þessar mundir sökum þess ástands sem nú ríkir í íslensku efnahagslífi. Á þeirri forsendu er jákvætt að geta aðstoðað þá sem eiga í tímabundnum fjárhagserfiðleikum að halda gleðilega jólahátíð.

## Sjúkrasjóður Verkalýðsfélags Akraness

sendir félagsmönnum jólakveðju  
og óskar þeim velfarnaðar  
á komandi ári

*Óskum félagsmönnum  
Verkalýðsfélags Akraness  
gleðilegra jóla og farsæls nýs árs*



**HB GRANDI**



**NORÐURÁL**

**Century** ALUMINUM



**Faxaflóahafnir sf**  
Associated  
Icelandic  
Ports



**LAUGAFISKUR HF**



**FESTA**

LÍFEYRISSJÓÐUR

**MODEL**



**UPPHEIMAR**



þar sem tryggingar  
snúast um fólk



**Akraneskaupstaður**



**nordanfiskur**



**Elkem**  
Ísland



Vinnuálfur  
Vinnuálfur á  
Vesturlandi

# Tilrauna- verkefni Endurhæfinga- sjóðs

Þessa dagana er Endurhæfingar-  
sjóður að fara af stað með tilrauna-  
verkefni í samvinnu við sjúkrasjóði  
þriggja stéttarféлага og er Verka-  
lýðsfélag Akraness eitt þeirra.

Markmið þessarar tilraunar er að  
undirbúa og þróa starf ráðgjafa  
hjá sjúkrasjóðum stéttarféлага um  
allt land og meta þörf fyrir fræðslu  
og aðstoð. Endurhæfingarsjóður er  
nýr sjóður sem stofnaður var með  
kjarasamningum Alþýðusambands  
Íslands og Samtaka atvinnulífsins í  
febrúar sl.

Markmið sjóðsins er að draga úr  
líkum á því að launafólk lendi í  
varanlegri örorku með því auka  
virkni þess og efla endurhæfingu.  
Undirbúningur að faglegri vinnu og  
uppbyggingu sjóðsins hófst í ágúst.  
Stefnt er að því að fyrstu ráðgjafar  
sjúkrasjóðanna taki formlega til  
starfa á landsvísi í byrjun árs 2009.  
Nánari upplýsingar er að finna á  
heimasíðu Endurhæfingarsjóðs.



*Palestínskir flóttamenn boðnir velkomnir til Akraness.*

## Flóttamenn fræddir um íslenskan vinnumarkað

Að ósk Rauða Kross Íslands hélt Vil-  
hjálmur Birgisson formaður VLFA  
kynningarfund með palestínsku flótta-  
konunum í lok nóvember. Á fundinum  
var starfsemi félagsins kynnt, farið  
yfir hvernig vinnumarkaðurinn er upp-  
byggður hér á landi og það sem lýtur  
að réttindum og skyldum launþega og  
atvinnurekenda.

Amal Tamimi, félagsfræðingur og

fræðslufulltrúi Alþjóðahúss sá um að  
túlka það sem formaður hafði fram að  
færa. Konurnar voru afar forvitnar um  
íslenskan vinnumarkað og báru upp  
fjöl margar spurningar. Þær hafa fullan  
hug á því að læra íslenskuna eins fljótt  
og auðið er og sækja íslenskunámskeið  
þessa dagana. Hugur þeirra stendur til að  
komast eins fljótt út á vinnumarkaðinn  
og aðstæður leyfa.



[www.vlfa.is](http://www.vlfa.is)

Á heimasíðu félagsins [www.vlfa.is](http://www.vlfa.is) er búið að  
opna upplýsingabanka undir hnappi sem ber heitið  
„Efnahagsástandið“. eru félagsmenn sem og aðrir  
hvattir til að nýta sér það sem þar er að finna.



*Lífio heldur áfram þótt harðni á dalnum í efnahagsmálum landsins.*

*Ljósmynd: Friðþjófur Helgason*

## Fundað um „Efnahagsástandið“

Í lok nóvember var haldinn opinn upp-  
lýsinga- og fræðslufundur í Tónbergi þar  
sem kynnt voru úrræði vegna efnahags-  
mála. Verkalýðsfélag Akraness, Akranes-  
kaupstaður, Sýslumaðurinn á Akranesi og  
Vinnumálastofnun stóðu að fundinum.  
Framsöguerindi voru afar fróðleg og

einnig bárust fjöl margar spurningar frá  
fundargestum. Aðstandendur fundarins  
voru ánægðir með hvernig til tókst.

Fjöldi fyrirspurna berst skrifstofu Verka-  
lýðsfélagsins á degi hverjum um hin  
ýmsu atriði er varða efnahagsástandið.



## Fjármunir Verkalýðsfélags Akraness tryggir og ávöxtun góð

Eins og allir vita þá hafa gengið yfir miklar hamfarir í íslenska fjármálageiranum og hafa einstaklingar, fyrirtæki, stéttarfélag og lífeyrissjóðir tapað umtalsverðum fjármunum vegna hruns bankanna. Fram kom í fréttum fyrir helgi að Verkalýðsfélagið Afl á Austurlandi hefði tapað hvorki meira né minna en 168 milljónum í peningamarkaðssjóðum Landsbankans. Einnig er ljóst að fleiri stéttarfélag hafa tapað fjármunum vegna hruns bankanna.

Stjórn VLFA getur upplýst félagsmenn sína um að félagið tapaði ekki einni einustu krónu vegna hruns bankanna enda voru allir fjármunir félagsins geymdir inn á hefðbundnum innlánsreikningum en voru ekki bundnir í peningamarkaðssjóðum.

### Nýtur bestu innlánskjara

Verkalýðsfélag Akraness gekk frá samningi við Landsbankann um öll bankavíðskipti félagsins árið 2005 og í kjölfarið

komu fulltrúar frá eignastýringardeild bankans á fund stjórnar og lögðu það til að félagið myndi ávaxta sitt fé í gegnum peningamarkaðssjóði bankans. Stjórn félagsins er afar ánægð í dag með að hafa hafnað slíku boði enda lá fyrir að með slíkri ávöxtunarleidd var verið að taka áhættu. Hins vegar nýtur Verkalýðsfélag Akraness bestu innlánskjara sem í gildi eru í bankanum á hverjum tíma fyrir sig á hefðbundnum innlánsreikningum og hefur það skilað félaginu mjög góðri ávöxtun á undanförunum árum.

## Laun í orkufrekum iðnaði: Ákvæði í kjarasamningi við Norðurál

Þegar gengið var frá kjarasamningi Norðuráls árið 2005 var í honum kveðið á um að laun starfsmanna Norðuráls taki að meðaltali sömu breytingum fyrir árið 2009 og laun samkvæmt kjarasamningum stéttarféлага og vinnuveitenda í orkufrekum iðnaði.

Skilningur Verkalýðsfélags Akraness á

þessari grein er alveg hvellskýr, hann er sá að laun starfsmanna Norðuráls taki að meðaltali sömu hækkunum og um samdist við Elkem Ísland og Alcan nýverið.

Forsvarsmenn Norðuráls eru þessa dagana að skoða nýgerða kjarasamninga í orkufrekum iðnaði og mun niðurstaða

um hver hækkun starfsmanna Norðuráls er liggja fyrir í byrjun janúar.

Kjarasamningur Elkem gaf starfsmönnum frá 17% hækkun upp í rúm 18% við undirskrift samningsins. Það liggur hins vegar fyrir að kjarasamningur Alcan var ekki að gefa jafn háar launahækkanir og kjarasamningur Elkem.

## Sjómenn athugið!

Aðalfundur Sjómannadeildar Verkalýðsfélags Akraness verður haldinn  
mánudaginn 29. desember kl. 14:00 í fundarsal félagsins að Sunnubraut 13

### Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Kynning á nýgerðum kjarasamningi við LIÚ
3. Önnur mál

Hægt verður að kjósa um samninginn að lokinni kynningu og einnig á skrifstofu félagsins 30. desember. Sjómenn eru eindregið hvattir til að mæta. Kaffiveitingar í boði.

# Gleðileg jól



**Landsbankinn**  
Banki allra landsmanna

410 4000 | [landsbanki.is](http://landsbanki.is)